

Málþing KÍ um list- og verknám, 22. mars 2018. Setning. Aðalheiður Steingrímisdóttir varaformaður KÍ.

Ágæti mennta- og menningarmálaráðherra - og góðir málþingsgestir.

Verið velkomin til þessa málþings um eflingu list- og verknáms, þið sem eruð hér á staðnum og þið sem takið þátt í streymi.

Þetta málþing á sér bakgrunn í samþykkt á þingi KÍ árið 2014 um eflingu list- og verknáms í menntakerfinu.

Fyrsta skrefið við að hefja vinnu að henni var að leita til fagfólksins á þessum sviðum í skólunum um að leggja okkur lið við það og til varð formlegur samstarfsvettvangur fyrir starf að samþykktinni.

Síðan þá höfum við fengist við ýmislegt, sent erindi til ráðherra, farið yfir lög og námskrár, kynnt okkur skýrslur og rannsóknir, farið í skólaheimsóknir, átt samræður við háskólana um menntun kennara og aðsókn í kennaranámið, og einnig við fulltrúa ráðuneytisins og sérfræðinga í Menntamálastofnun um niðurstöður úttektar á umfangi kennslu í list- og verkgreinum í grunnskólum samkvæmt viðmiðum námskrár - en þar kemur fram býsna dökk mynd af stöðunni, og er mikilvægt að farið verði vel ofan í saumana á ástæðunum fyrir þessu.

Í byrjun þessa árs töldum við tíma vera kominn til að fara út með málin og ákváðum að halda þetta málþing í þeim tilgangi að leiða marga aðila saman til samtals um aðferðir við að efla list- og verknám í menntun nemenda og skólakerfinu og aðgerðir í því sambandi.

Þessu má líkja við að taka sér stöðu uppi á hól og horfa yfir sviðið og greina málin út frá þeim spurningum sem við ætlum að fást við hér í dag um þætti sem við teljum skipta máli í sambandi við aðferðir til að efla list- og verknám og aðgerðir í þessu skyni - út frá einstökum skólastigum og skólagerðum og almennt í skólakerfinu.

Umræðan um eflingu list- og verknáms hefur staðið lengi og ekki er skortur á skýrslum og stefnum um eflingu list- og verknáms en samt hefur okkur ekki tekist sem samfélagi að setja þessi mikilvægu mál í skýran forgrunn.

Oft hefur verið bent á það þegar rætt er um menntamálin að styrkleikar þeirra komi meðal annars fram í kappsemi við að móta stefnu en veikar hliðar þær að erindið og úthaldið vill þrjóta þegar kemur að því að fylgja málum eftir, framkvæma og innleiða.

Spurningarnar sem við ætlum að fást við hér í dag fram að kaffihléi eru: Hvert er samhengið milli stefnu og framkvæmdar? Hvernig á að koma stefnu um eflingu list- og verknáms í framkvæmd? Hvað þarf til? Hver er sýnin á það?

Hér á eftir munum við heyra hvað mennta- og menningarmálaráðherra, skólafólk, dósent á Menntavísindasviði HÍ, skrifstofustjóri grunnskólaskrifstofu skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar og formaður Samtaka iðnaðarins hafa um þetta að segja.

Ég bendi á að á hverju borði er stórt blað og miðar og vil biðja ykkur ágætu málþingsgestir að hugleiða, á meðan þið hlustið á ræðumenn, hugmyndir og tillögur um aðferðir við að efla list- og verknám og aðgerðir til að gera það til að setja á miðana og koma fyrir á blöðunum. Þið sem takið þátt í málþinginu í streymi getið skráð hugmyndir og tillögur ykkar á hugmyndavegg (Padlet) og eru upplýsingar um slóðina inn á heimasíðu KÍ og á netsamfelag.is

Eftir kaffihléið verða pallborðsumræður um spurninguna: Hvað svo? Hvað förum við með héðan í dag til að nota og hvernig?

Þorsteinn Sæberg formaður Skólastjórafélags Íslands mun stýra málþinginu og geta þeir sem eru í streymi sent fyrirspurnir á netfang málþingsstjóra thorsteinn@ki.is

Við sem stöndum að þessu málþingi vonum að samtalið hér í dag um aðferðir við að efla list- og verknám og aðgerðir til að gera það, ávarp og erindi, hugmyndir og tillögur á blöðunum á borðunum og á hugmyndaveggnum og pallborðsumræðurnar – skili af sér gagnlegum efnivið fyrir okkur öll sem hægt verði að nýta til að koma þessum mikilvægu málum á hreyfingu.

Að því þurfa margir að koma, hver og einn að taka ábyrgð og allir saman.

Að svo mæltu býð ég mennta- og menningarmálaráðherra að taka til máls.